

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta.

1. gr.

Þar sem takmarkaðar rækjuveiðar voru stundaðar í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði og engar rækjuveiðar voru stundaðar á Húnaflóa, Skagafirði, Skjálfanda, Öxarfirði og norðurfjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðiarinu 2019/2020, og á Eldeyjarsvæði almanaksárið 2019, skal á fiskveiðiarinu 2020/2021 úthluta aflamarki sem nemur samtals 869 þorskígildistonn til báta, sem hafa hlutdeild í rækju á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafli rækjuvertíðanna 1996/1997 – 2005/2006 að frádregnum afla í rækju fiskveiðiársins 2019/2020 á viðkomandi svæði. Verðmætastuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi og koma 140 þorskígildistonn í hlut báta frá Arnarfirði, 120 þorskígildistonn í hlut báta í Ísafjarðardjúpi, 148 þorskígildistonn í hlut báta við Húnaflóa, 153 þorskígildistonn í hlut báta við Skagafjörð, 70 þorskígildistonn í hlut báta á Skjálfanda, 201 þorskígildistonn í hlut báta við Öxarfjörð, 23 þorskígildistonn í hlut báta á Eldeyjarsvæði og 14 þorskígildistonn í hlut báts í norðurfjörðum Breiðafjarðar.

2. gr.

Þar sem engar hörpudisksveiðar voru stundaðar í Arnarfirði, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði á fiskveiðiarinu 2019/2020 skal á fiskveiðiarinu 2020/2021 úthluta aflamarki sem samtals nemur 983 þorskígildistonn til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafli árána 1998 til 2007. Verðmætastuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 7 þorskígildistonn í hlut báta frá Arnarfirði, 33 þorskígildistonn í hlut báta við Húnaflóa, 919 þorskígildistonn í hlut báta við Breiðafjörð og 24 þorskígildistonn í hlut báta við Hvalfjörð.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miða við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2020. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tegundir	Tonn upp úr sjó	Þorskígildistonn
Þorskur	1.472	1.236
Ýsa	257	196
Ufsi	453	239
Steinbítur	51	25
Gullkarfi	199	141
Keila	8	3
Langa	26	12
Samtals:	2.466	1.852

4. gr.

Reglugerð þessi er sett, skv. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, til að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2020. Jafnframt fellur reglugerð nr. 678/2019, um

Nr. 730

21. júlí 2020

sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða úr gildi frá 1. september 2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. júlí 2020.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Arnór Snæbjörnsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. júlí 2020